

**UMFN**  
**STOFNAÐ 1944**

Aðalfundur UMFN, haldinn þann 12.mái 2015 kl. 19:30 í íþróttahúsinu í Njarðvík

Mættir voru: Ágústa Guðmarsdóttir, Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, Hermann Jakobsson, Ólafur Eyjólfsson, Thor Hallgrímsson úr aðalstjórn UMFN og um 20 aðrir gestir.

Dagskrá fundar:

1. Fundur settur.  
Kosning fundarstjóra  
Kosning fundarritara.  
Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.  
Ávarp formanns.  
Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda fram til samþykktar vegna ársins 2014.
2. Heiðursviðurkenningar.
3. Ávarp geta.
4. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda.  
Kosinn formaður  
Kosnir tveir stjórnarmenn til tveggja ára  
Kosinn einn stjórnarmaður til eins árs  
Kosnir tveir varamenn  
Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara.
5. Önnur mál.
6. Fundarslit.

1.

Ólafur formaður setur fundinn og býður gesti velkomna. Hann leggur til að Böðvar Jónsson verði fundarstjóri og er það samþykkt af fundargestum. Böðvar tekur til máls og leggur til að Jenný L.Lárusdóttir verði fundarritari og er það samþykkt af fundargestum.

Fundargerð síðasta fundar er lögð fram.

Ólafur formaður ávarpar fundinn, minnst á að 70 ára afmælisritið hafi verið vel heppnað og að ritið sé afar glæsilegt og fari vel yfir sögu félagsins, ritnefndinni til mikils sóma og þakkar þeim vel unnin störf.

Bendir á að búið er að gera mikið til þess að það fari ekkert á milli mála þegar komið er í

**Ungmennafélag Njarðvíkur**  
**Norðurstíg 4, 260 Reykjanesbæ**  
**umfn@umfn.is 421 2895**

## UMFN STOFNAÐ 1944

húsið að þetta er okkar félagshús, með stórum merkjum félagsins, sem og myndum í gegnum tíðina og er þetta afar skemmtilegt.

Hann talar um heimsíðu UMFN sem hefur ekki verið okkur til sóma undanfarin ár og var tekin ákvörðun um að fá Davíð Pál Viðarsson til að gera nýja síðu og verið er að sníða hana eftir okkar þörfum, sem tekur tíma og þurfa allir að vera þolinmóðir. Einnig hvetur hann allar deildir til þess að vera duglegar að setja efni inn.

Ákveðið var að gera úttekt á allri aðstöðu félagsins sem er víða og hefur Björgvin Jónsson tekið þetta að sér. Nauðsynlegt er að geta borið okkar aðstöðu saman við nágranna okkar í Keflavík og síðan að meta þörfina miðað við fjölgun iðkenda, sem er mjög mikil hjá okkur. Einnig minntist Ólafur á að athuga við bæjaryfirvöld hvort hægt sé að fjarlægja loftræstistokk sem er í miðjum salnum, það myndi stækka salinn töluvert og gera hann nýtilegri. Þorralótið var haldið með glæsibrag, með metmætingu og eiga allir þeir sem að því stóðu þakkir skildar.

Starfsemi allra deilda er í miklum blóma, þar er unnið mikið og gott starf. Skýrslur deilda verða settar inná heimasíðu okkar.

Framkvæmdastjóri félagsins hún Sigga Ragnars hefur ákveðið að hætta störfum og hefur hún unnið mikið og gott starf, hún hefur einnig verið í stjórn UMFN og gefur kost á sér áfram þar, og óskum við henni velfarnaðar í nýju starfi, um leið er Jenný L. Lárusdóttir boðin velkomin til starfa fyrir félagið.

Að lokum þakkaði Ólafur öllu því frábæra fólki sem komið hefur að störfum fyrir félagið, þar sem þeir vinna mikið og óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir féhirðir UMFN fer yfir ársreikning 2014.

Fundarstjóri býður gestum að spyrja varðandi skýrslu stjórnar eða ársreikning.

Engar athugasemdir komu fram og var ársreikningurinn samþykktur af fundargestum.

### 2. Heiðursviðurkenningar

Gullmerki UMFN hlutu:

Alexander Ragnarsson

Andrés Ari Ottósson

Viðar Kristjánsson

Þórunn Friðriksdóttir

Ólafur Thordersen kom upp til þess að afhenda Ólafsbikarinn og að þessu sinni hlutu þau Halldóra Lúthersdóttir og Valþór Söring bikarinn, fyrir mikið og gott starf fyrir félagið.

### 3. Engir gestir tóku til máls.

**UMFN**  
**STOFNAÐ 1944**

4. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda.

Ólafur Eyjólfsson býður sig fram sem formaður UMFN og er hann kosinn samhljóða.

Eftirtaldir eru í framboði til stjórnar:

Til tveggja ára: Einara Lilja Kristjánsdóttir

Sigríður H. Ragnarsdóttir

Til eins árs: Thor Hallgrímsson í stað Hermanns Jakobssonar sem óskar eftir lausn frá störfum.

Engin önnur framboð komu og voru því ofangreindir kosnir samhljóða í stjórn UMFN.

Eftirtaldir eru í framboði til varastjórnar:

Ágústa Guðmarsdóttir

Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir

Báðar kosnar samhljóða af fundargestum.

Skoðunarmenn reikninga voru kosin þau:

Valpór Söring og Kristín Örlygsdóttir aðalmenn og til vara Ingigerður Sæmundsdóttir

5. Önnur mál.

Valpór Söring tók til máls og þakkaði kærlega fyrir viðurkenninguna sem þau hjónin hlutu, þetta hafi svo sannarlega komið þeim mjög svo ánægjulega á óvart. Sagði Valpór að þau hjónin ættu ekki lengur börn sem stunduðu íþróttir en starfið í kringum deildina gæfi þeim svo mikið að þau gætu illa látið af því. Sagði hann viðurkenninguna verða þeim hjónum enn frekari hvatning til góðra starfa og óskaði félaginu góðs gengis í framtíðinni.

6. Fundarslit voru kl. 19:15 , en gestir sátu og fengu sér kaffi og meðlæti og var setið að spjalli til kl. 20:00.